

REG 1

Árshlutareikningur 30. júní 2021

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

REG 1 er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Sjóðurinn var stofnaður árið 2012 og tilgangur hans er að fjárfesta í verðtrygðum lánsamningum fjármögnuðum með skuldabréfum sem sjóðurinn gefur út.

Árshlutareikningur sjóðsins REG 1 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Rekstur sjóðsins er í höndum Stefnis hf. og vísun við í árshlutareikning Stefnis hf. varðandi frekari upplýsingagjöf stjórnar.

Hagnaður 136 þús. kr. varð af rekstri sjóðsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í júnílok 2021 nam 2.028 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2021

Í stjórn félagsins:

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður

Jón Óttar Birgisson, varaformaður

Guðfinna Helgadóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Jóhann G. Möller

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í REG 1

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning REG 1 fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2021 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Reykjavík, 19. ágúst 2021

## Deloitte ehf.

Hugrún Arna Vigfúsardóttir  
endurskoðandi

Pétur Hansson  
endurskoðandi

Árshlutareikningur REG 1 fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní er rafrænt undirritaður af endurskoðendum.

# Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2021

		1.1. -30.6. 2021	1.1. -30.6. 2020
	<b>Skýr.</b>		
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	2-5		
Vaxtatekjur og verðbætur .....		289.627	222.370
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 284.253)	( 217.058)
<b>Tekjur samtals</b>		<u>5.374</u>	<u>5.312</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýslupóknun rekstrarfélags .....	6	<u>5.238</u>	<u>5.192</u>
<b>Gjöld samtals</b>		<u>5.238</u>	<u>5.192</u>
<b>Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....</b>		<u>136</u>	<u>120</u>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2021

		30.6.2021	31.12.2020
	<b>Skýr.</b>		
<b>Eignir</b>			
Fjárfestingar:			
Verðbréf með föstum tekjum .....	7	7.008.619	6.962.084
Fjárfestingar samtals		<u>7.008.619</u>	<u>6.962.084</u>
Aðrar eignir:			
Handbært fé .....	8	2.852	1.121
Aðrar eignir samtals		<u>2.852</u>	<u>1.121</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>7.011.471</u>	<u>6.963.205</u>
<b>Skuldir</b>			
Útgefin skuldabréf .....	12	7.005.046	6.958.535
Skuld við tengd félög .....		2.610	868
Aðrar skuldir .....	10	1.787	1.910
<b>Skuldir samtals</b>		<u>7.009.443</u>	<u>6.961.313</u>
<b>Hrein eign í lok tímabilsins .....</b>		<b>2.028</b>	<b>1.892</b>
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús. ) .....		600	600
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins .....		<u>3,38</u>	<u>3,15</u>

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar - 30. júní 2021

---

	1.1. -30.6. 2021	1.1. -30.6. 2020
	<b>Skýr.</b>	
Hrein eign í byrjun árs .....	1.892	1.645
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....	136	120
<b>Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins .....</b>	<b><u>2.028</u></b>	<b><u>1.765</u></b>

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Starfsemi

Sjóðurinn REG 1 var stofnaður 16. október 2012. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini, með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur REG 1 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

### 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði árshlutareikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysluverðsvísitölu í lok tímabilsins. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs.

### 5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

### 6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

### 7. Verðbréf með föstum tekjum

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningum. Í bókhaldi sjóðsins eru lánsamningarnir uppreiknaðir miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

### 8. Handbært fé

Innlán hjá lánastofnunum samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

### 9. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

### 10. Aðrar skuldir

Til annarra skammtímaskulda telst óuppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra skulda.



# Skýringar, frh.:

## 11. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

## 12. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluserðsvisitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Greiðslur af lánssamningum í júnílok 2021:

	Virði
Til greiðslu 2021-2022 .....	272.205
Til greiðslu 2022-2023 .....	6.732.841
	<u>7.005.046</u>

## 13. Hlutdeildarskírteini - bókfært virði og gengi

Bókfært virði hlutdeildarskírteina og kaupgengi hlutdeildarskírteina greinist þannig:

	30.6.2021	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2018
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina .....	2,028	1,892	1,645	1,431
Kaupgengi hlutdeildarskírteina .....	3,38	3,15	2,74	2,39

## 14. Hlutdeildarskírteini - ávöxtun

Nafn- og raunávöxtun greinist þannig:

	2021	2020	2019	2018
Nafnávöxtun .....	7,21%	15,00%	15,00%	15,00%
Raunávöxtun .....	4,63%	11,12%	12,01%	11,38%